

Lengri útgáfa:

ProLan Ryðvarnarþjónusta Hjá Smára Hólmi – Upplýsingar og leiðbeiningar

Sæll/Sæl og takk fyrir áhugann á ryðvarnarþjónustu með ProLan.

Hér að neðan má finna upplýsingar um ferlið og verðið.



Afhending bifreiðar

- Bifreiðin þarf að koma í síðasta lagi **daginn áður** en vinna hefst, **fyrir kl. 17:00**.
- Við tökum öll dekk undan (þ.m.t. varadekk ef það er til staðar undan bifreiðinni), ásamt öllum pönnum, hlífum og plasti undan bifreiðinni og úr innri brettum.

Vinnuferlið

- Undirvagninn er blásinn með „10 börum“ háþrýstlofti og yfir nótt þurrkaður í 20-25°C.
- Við úðum ProLan undir allan undirvagninn, inn í sílsa, grind (ef við á), bitar, holrými og aðra staði þar sem ryð getur myndast.
- Mikilvægt er að bifreiðin sé alveg þurr áður en úðun fer fram, þess vegna fáum við hana degi áður til að ná réttum málmhita, ProLan fer inn í yfirborð málmsins og hleypir raka og súrefni úr málmnum, þannig að ryðmyndun stöðvarst.
- Smurmiði/áminningarmiði er settur á framrúðu og verkþókhald fylgir bifreiðinni – þetta tryggir rekjanleika og gæði.

Eftirfylgni og endurkomur

- **Fyrsta endurkoma:** Bifreið kemur í skoðun og við bætum efni í hurðir, húdd, skott og skoðum undirvagninn – **þetta er innifalið**.
 - Mikilvægt er að koma með bifreiðina í fyrstu endurkomu svo efnið haldi áfram að virka rétt.

- Á sumrin getur ProLan orðið virkt vegna hitaþenslu málmis – dregst efnið þá dýpra inn í járnið.
- **Eftir fyrstu endurkomu:** Þegar ryð hefur stöðvast, nægja skoðanir á **4 ára fresti** og þarf þá að greiða skoðunargjald.

Ítarlegar upplýsingar um endurkomu

Bifreiðar eiga að koma í fyrstu endurkomu eftir 1 ár.

Stundum er endurkoma eftir 2 ár vegna ástands bifreiðar.

Það er mjög sjaldan sem þarf að koma eftir 2 ár, en ef það kemur fyrir þá er það til að fylgjast betur með ferli bifreiðarinnar og við metum að hún þarfnist næstu meðhöndlunar fyrr.

Ef bifreið er í fínu lagi og í góðu jafnvægi kemur hún á 4 ára fresti.

Þar á eftir er bara regluleg skoðun á 4 ára fresti til að staðfesta að áframhaldandi ástand bifreiðarinnar sé eins og það á að vera.

Tilmæli varðandi ástand undirvagns:

- Ef bifreið er ryðguð þegar hún kemur, þá vinnum við að því að stoppa ryðið til að lengja líftíma bifreiðarinnar og halda verðmæti hennar.
- Bifreiðin kemur á 4 ára fresti í skoðun, þegar við erum búin að koma í veg fyrir að undirvagninn skemmist meira.
- Það er ekki bara nóg að passa undirvagninn, það eru aðrir staðir sem gleymast oft, til dæmis er vélasalurinn einn af þeim stöðum sem má hafa í huga. Þar er margt sem má ryðverja með ProLan og líka gólfið inni í bifreiðinni.

Varðandi verð:

Endurkoma/skoðun er ódýrari en fyrsta ryðvörnin, en það fer eftir því hvað þarf að gera hverju sinni.

Og þetta er ekki bara!! „undirvagninn“ – ryðvörnin hjálpar að vernda hluti sem tærast með tímanum, eins og t.d.:

- bremsurör / bremsubúnað / eldsneytisrör
- aðrar vökvaleiðslur (stýrisbúnaður o.fl.)
- bolta, skrúfur og festingar



- burðarbita og bita sem er fyrir boddy
- fjöðrunarkerfi / festingar / gúmmí
- pústkerfið og festingar á pústkerfinu
- handbremsubúnað / bremsudælur / annan búnað
- hjöruliðskrossa, hjöruliði og festingar í drifi



Þannig endast hlutirnir lengur, festast síður, það er ódýrara í viðhaldi og verður oft mun þægilegra að gera við bifreið; ódýrari lausn til lengri tíma.

Undantekningar og mat á ástandi

- Ef ástand bifreiðar er það slæmt að ryðvörn er ekki skynsamleg fjárfesting miðað við verðmæti hennar, þá framkvæmum við ekki vinnuna – og þá er það **kostnaðarlaust mat**.
- Ef bifreið þarfnast viðgerða áður en ryðvörn er sett á, er hægt að bóka tíma aftur eftir viðgerð.

Verð og aðrar upplýsingar

- **Grunnverð** fyrir ryðvörn: **200.000 + vsk / 248.000 m/vsk**
(aukakostnaður bætist við ef um ræðir eldri eða illa farna bíla þar sem ryðmyndun er orðin talsverð).
- Fyrir bíla eldri en 8 ára getur þurft meira efni og vinnu – þetta fer eftir ástandi bifreiðar.

Sala á ProLan efni

Við seljum einnig ProLan til einstaklinga og fyrirtækja:

- Spreybrúsar: 500 ml
 - Brúsar: 1 lítri og 10 lítrar
 - Feiti: 100 ml, (400ml koppafeitistúpur) 500 ml og 4 kg
-



ProLan ehf. Ryðvarnarþjónusta Hjá Smára Hólmi
Kt. 500725-0600 VSKnr. 157919
Suðurlunda 10, 221 Hafnarfjörður

www.ProLan.is
www.SmarHolm.com
Ryðvarnarþjónusta S: 861-7237
ProLan S: 696-3231

Hafa samband og tímapantanir

Ekki hika við að hafa samband til að fá frekari upplýsingar eða panta tíma:

Sími: 861 7237

Kveðja,

F.H. ProLan Ryðvarnarþjónusta Hjá Smára Hólmi

Stytttri útgáfa.



ProLan ryðvörn – Helstu upplýsingar

- ✓ Bifreið þarf að koma daginn áður en vinna fer fram, fyrir kl. 17:00
- ✓ Við fjarlægjum dekk, varadekk, plast og hlífar undir bifreið
- ✓ Ryðvörn er sett undir allan undirvagninn, sílsa, holrými og fleiri viðkvæma staði
- ✓ Bifreið er blásin þurr og hituð til að tryggja hámarks virkni efnisins
- ✓ Fyrsta endurkoma eftir 1 ár – innifalið í verði
- ✓ Síðari skoðanir á 4 ára fresti, ef bifreið er hætt að ryðga
- ✓ Ef ástand bifreiðar er of slæmt, þá er það metið og engin kostnaður ef ekki er ryðvarið
- ✓ Verð: 200.000+vsk / 248.000 m/vsk (aukakostnaður ef þarf auka vinnu/efni)

Pantaðu tíma í ryðvarnarþjónustu í síma 861-7237

Pantaðu ProLan vörur í síma 696-3231

Kveðja,

F. H. ProLan Ryðvarnarþjónusta Hjá Smára Hólmi